



Minnisblað

Reykjavík 21.03.2020

Til: Heilbrigðisráðherra

Frá: Sóttvarnalækni

Varðar: Tillaga sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra um frekari útfærslu samkomubanns á Íslandi

Sóttvarnalæknir að höfðu samráði við landlækni, ríkislögreglustjóra og formann farsóttarnefndar Landspítala óskar eftir því við heilbrigðisráðherra að gefin verði út ný fyrirmæli um samkomubann á Íslandi. Ákvörðunin er byggð á 2. mgr. 12. gr sóttvarnalaga.

Tillaga:

Að ráðherra ákveði að virkja heimildir sóttvarnalaga til að setja á samkomubann. Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 20 manns koma saman. Við öll mannamót þarf auk þess að tryggja að nánd milli manna verði yfir tveimur metrum. Þessi fyrirmæli ná til landsins alls.

Tilmæli þessi taka gildi frá og með mánudeginum 23. mars kl. 24:00 og gilda þar til annað verður ákveðið.

Með samkomubanni er t.d. átt við eftirfarandi:

- Ráðstefnur, málþing, fundi o.þ.h.
- Skemmtanir, s.s. tónleika, leiksýningar, bíósýningar, íþróttaviðburði og einkasamkvæmi.
- Kirkjuathafnir hvers konar, s.s. vegna útfara, giftinga, ferminga og annarra trúarsamkoma.
- Aðra sambærilega viðburði með 20 einstaklingum eða fleiri. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 einstaklingar inni í sama rými, s.s. á veitingastöðum, mötuneytum, kaffihúsum og verslunum.
- Sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, skemmtistöðum, spilasölum, spilakössum og söfnum er lokað.
- Starfsemi þar sem nálægð er mikil er bönnuð
 - Hárgreiðslustofur, snyrtistofur, nuddstofur og önnur slík starfsemi.
- Sjúkraþjálfun þar sem er mikilvæg vegna endurhæfingar er heimil með skilyrðum um öflugar sóttvarnaráðstafanir.



- *Allar undanþágur vegna sóttkvíar verða afnumdar og þurfa þeir sem slíkt hafa fengið að sækja um að nýju. Eingöngu verða veittar undanþágur vegna samfélagslegra ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast vegna lífsbjargandi starfsemi, svo sem:*
 - *Raforku og fjarskipta*
 - *Samgangna*
 - *Heilbrigðisstarfsemi*
 - *Löggæslu*
 - *Sjúkraflutninga*
 - *Slökkviliða*
- *Allt íþróttastarf barna og fullorðinna þar sem nálægð er minni en tveir metrar og einhver sameiginleg notkun á búnaði er fyrir hendi, þ.m.t. á skíðalyftum, er bönnuð.*

Hættumat:

Fyrsta tilfelli af veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdóminum var staðfest á Íslandi þann 28. febrúar 2020. Síðan þá hafa fjölmargir greinst með sýkinguna og þann 21. mars höfðu 473 einstaklingar greinst með sjúkdóminn. Tíu voru inniliggjandi á LSH og þar af einn á gjörgæslu. Einn einstaklingur hefur látist, líklega af sjúkdómnum, og var það erlendur ferðamaður. Um þriðjungur tilfellanna hafði smitast erlendis, um þriðjungur innanlands vegna tengsla við smit erlendis frá og hjá þriðjungi var smitleiðin ókunn.

Samkvæmt spálíkani sem unnið er af Miðstöð lýðheilsuvísinda við HÍ og embætti landlæknis er gert ráð fyrir að toppi faraldursins verði náð fyrri hluta aprílmánaðar og þá muni frá 600 (líklegasta spá) til 1200 (svartasta spá) einstaklingar greinast. Á sama tíma má búast við 30 (líklegasta spá) til 130 einstaklingum (svartasta spá) inniliggjandi á sjúkrahúsum og tíu til 30 einstaklingum á gjörgæslu. Þess ber að geta að spálíkanið er uppfært nánast daglega og kann spáin því að breytast í samræmi við það.

Til að koma í veg fyrir að svartasta spá rætist telur sóttvarnalæknir nauðsynlegt að herða frekar samkomubann það sem sett var á þann 15. mars 2020.

Smit á Íslandi hefur nú þegar haft áhrif á getu Landspítalans til að veita heilbrigðisþjónustu og kallar sú staða á frekari viðbrögð til að varna því að veiran breiðist hratt út. Nauðsynlegt er að hægja á faraldrinum enn frekar til að auka líkur á því að heilbrigðiskerfið geti sinnt þeim sem veikjast af COVID-19 ásamt því að geta sinnt annarri bráðaþjónustu.

Ef faraldurinn nær hraðri útbreiðslu eru líkur á að geta sjúkrahúsa til að sinna alvarlega veikum einstaklingum muni ekki verða fullnægjandi.

Viðbrögð:

Til þessa hafa viðbrögð á Íslandi byggt á fljótri greiningu einstaklinga, einangrun sýktra og sóttkví þeirra sem grunaðir eru um smit. Líklegt má telja að þessar ráðstafanir hafi komið í veg fyrir fjölmörg innlend smit.

Auk þess hefur þeim tilmælum verið beint til almennings að gæta vel að einstaklingsbundnum hreinlætisaðgerðum. Fyrirtæki og félagasamtök hafa jafnframt verið hvött til að haga starfsemi sinni samkvæmt leiðbeiningum um sóttvarnir.

Nú þegar hefur þeim tilmælum/leiðbeiningum verið beint til einstaklinga sem teljast til viðkvæmra hópa og þeirra sem starfa með eða umgangast viðkvæma einstaklinga, að forðast fjölmenn mannámót



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

og gæta vel að öllum sýkingavörnum. Leiðbeiningar til þessara aðila hafa verið uppfærðar á heimsíðu embættis landlæknis og sérstök athygli verið vakin á þeim við fjölmiðla.

Ofangreind tillaga um samkomubann miðar að því að hægja enn frekar á á útbreiðslu COVID-19 í þeim tilgangi að viðhalda starfsgetu heilbrigðiskerfisins.

Áhrif:

Fyrirmæli um samkomubann mun hafa mikil áhrif á samfélagið en líklegt verður að telja að heilsufarsávinningur sem af þeim hlýst réttlæti þau áhrif.

Þórólfur Guðnason,
sóttvarnalæknir.